

Miðvikudaginn 10. mars 1993.

Nr. 86/1993. **Krafttak hf.**

gegn

**Óla Þ. Óskarssyni.**

Kærumál. Gagnaöflun frá þriðja manni. Frávísun frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. febrúar 1993, sem móttækin var í réttinum 18. sama mánaðar. Kærð er eftirfarandi ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 21. janúar 1993: „Dómurinn skýrir nú frá þeirri ákvörðun sinni, að umrædd gögn, sem lýst hefur verið, að séu í 2-3 möppum, verði lögð fyrir dóminn skv. 1. mgr. 69. gr. laga nr. 91/1991.“

Sóknaraðili krefst þess, að hinni kærðu ákvörðun verði hrundið og dæmt verði, að honum og/eða Landsvirkjun sé óskilt að leggja „umrædd gögn, sem lýst hefur verið, að séu í 2-3 möppum“, fyrir dóminn samkvæmt 69. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að máli þessu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hin kærða ákvörðun verði staðfest. Þá krefst hann kærumálskostnaðar, sbr. 2. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991.

Af hálfu Landsvirkjunar hefur því verið lýst yfir, að hún muni ekki fyrir sitt leyti kæra ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur.

Héraðsdómurinn í málinu, Friðgeir Björnsson dómstjóri, hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar. Hann rekur þar, að tildrög ákvörðunarinnar hafi verið þau, að Landsvirkjun, sem ekki sé aðili málsins, hafi neitað varnaraðila um aðgang að gögnum, sem hann hafi talið geta haft þýðingu um sönnunarfærslu í málinu. Lögmaður varnaraðila hafi ekki talið sig geta lýst skjölunum nákvæmlega, þar sem hann hafi ekki séð þau, en hafi sagt þau að finna í 2-3 möppum í vörslum Landsvirkjunar. Verður að skilja athugasemd dómstjóra svo, að með ákvörðuninni sé ekki tekin afstaða til skyldu vörslumanns til að afhenda varnaraðila skjölin, heldur muni athugun

dómsins á skjölunum ráða því, hvort hann láti taka einhver eftirrit af hluta þeirra eða geri skýrslu um einhver þau atriði, sem koma fram í þeim.

Gegn andmælum sóknaraðila verður héraðsdómur að kveða upp úrskurð um skyldu Landsvirkjunar til að afhenda héraðsdómi skjölin í trúnaði og gegn þagnarskyldu. Slíkur úrskurður yrði þá kæranlegur til Hæstaréttar samkvæmt d-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991. Fyrir en til þess kemur, verður það álitafni ekki borið undir Hæstarétt. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

---